

37. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 03.03 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Undir 1. lið mætti frá Skógarafurðum Bjarki Jónsson.

Dagskrá

1. **Skógarafurðir ehf, fulltrúar fyrirtækisins mæta á fundinn**
Endurfjármögnun, hlutafjárkaup.
2. **Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 2020-2023. önnur umræða.**
3. **Beiðni sýslumanns dags. 10.02 2020. um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi Hengifoss ehf**
4. **Samstarfssamningur við Byggðastofnun, um söfnun, vinnslu og skil gagna fyrir þjónustukort.**
5. **Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga**
6. **Skemmunefnd frestað mál 04.02.2020**
 - a) Fundargerð Skemmunefndar 31.01 2020, ásamt mf. gögnum
 - b) Tillaga til sveitarstjórnar frá íbúafundi 26.02.2020
7. **Samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps**
8. **Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020**
9. **Samfélagssjóður Fljótsdals**
 - a) Skipulagsskrá samfélagssjóðs
 - b) Tilnefningar í stjórn sjóðsins.
 - c) Drög að úthlutunarreglum til kynningar
11. **Bréf**
 - a) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. 3 bréf dags. 10. 02.2020
 - b) Landeigendur í Suðurdal, tölvupóstur 11.02 2020
 - c) Gunnlaugur Ólafsson, tölvupóstur 25.02 2020
 - d) Ásmundur Þórarinsson, tölvupóstur 25.02 2020
 - e) UNICEF ICELAND, Marín Rós Eyjólfssdóttir verkefnastjóri 30.01 2020
 - f) Ársalir bs, tölvupóstur 26.02 2020

12. Umhverfisstyrkir

Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri 2

13. Menntastyrkir

Pórhallur Jóhannsson

14. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Héraði 20.02 2020
- b) HAUST 18.02. 2020
- c) Ársalir 20.02. 2020
- d) Upphéraðsklasinn 17.02.2020
- e) Húsnefnd Végarðs 12.02 2020
- f) Almannaþingarnefnd Austurlands 31.01 og 07.02 2020
- g) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 26.02, ásamt afriti af bréfi starfsmanna dags. 25.02
- h) Samfélagsnefnd 27.02 2020

14. Skýrsla oddvita

15. Önnur mál

Oddviti setti fund Bjarki kom inn í upphafi fundar

1. Skógarafurðir ehf, fulltrúi fyrirtækisins mæta á fundinn

Endurfjármögnun, hlutafjárkaup.

Bjarki yfirlit fundinn 14:15

Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps sem haldinn var 4. júní 2019 voru málefni Skógarafurða ehf. á dagskrá og svohljóðandi ákvörðun færð til bókar í fundargerð:

„Sveitarstjórn samþykkir fjárhagslega aðkomu, allt að 7 milljónum í formi hlutafjár og óskar jafnframt eftir sæti í stjórn. Forsenda fyrir aðkomu Fljótsdalshrepps er að endurfjármögnunaráætlanir gangi eftir og fjármögnun tryggð.“

Farið var yfir gögn sem liggja fyrir varðandi endurfjármögnum. Fyrir liggur lánsloforð frá Bygðastofnun og Arionbanka. Lánsloforð Bygðastofnunar er skilyrt því að hlutafjárframlagi Fljótsdalshrepps verði varið til að greiða niður skuldir vegna opinbera gjalda og annara lausaskulda.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps metur svo að skilyrði sem sett voru á sveitarstjórnar 4. júní 2019 séu uppfyllt með undirritun samnings um hlutafjárframlag, kr. 7.000.000 – sjömilljónir

sem jafngildir 17,65% hlut í Skógarafurðum ehf. Oddvita falið að undirrita samninginn og greiða hlutafé.

Í samningi um hlutfjárkaup er tilgreinnt að Fljótsdalshreppur hafi rétt á að tilnefna kjörinn stjórnarmann til allt að 5 ára. Nokkur nöfn voru nefnd og ákveðið að ganga frá tilnefningu á næsta sveitarstjórnarfundi.

2. Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 2020-2023, önnur umræða.

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kynja í Fljótsdalshreppi og jöfnun möguleika til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Það er stefna Fljótsdalshrepps að kynin njóti sömu tækifæra, fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina samhljóða.

3. Beiðni sýslumanns dags. 10.02.2020, um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi Hengifoss ehf

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Austurlandi dags. 10.02 2020, vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki IV fyrir Hengifoss ehf, þ.e. gistiheimili við Végarð í Fljótsdalshreppi

Fyrir liggur jákvæð umsögn frá byggingarfulltrúa, og heilbrigðiseftirliti, en skilyrt umsögn frá slökkviliðsstjóra.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn og staðfestir jafnframt að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsóknin lýtur að, sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.

Samhliða úttekt slökkviliðsins áttu þeir fund með byggingarfulltrúa og oddvita þar sem þeir gerðu grein fyrir athugasemdum er varða brunavarnir byggingarinnar, þá einkum matsalinn í húsinu.

Byggingarfulltrúi er að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni til úrbóta.

4. Samstarfssamningur við Byggðastofnun um söfnun, vinnslu og skil gagna fyrir þjónustukort.

Varðar gagnvirkt yfirlitskort með upplýsingum um aðgengi landsmanna að almennri þjónustu á vegum bæði stjórnvalda og einkaaðila. Markmiðið er að upplýsingar um þá þjónustu sem er fyrir hendi um allt land varði aðgengilegri og áreiðanlegri en nú er.

Oddvita falið að skrifa undir samstarfssamning við Byggðastofnun.

Samþykkt að breyta dagskránni þannig að 9. liður verður þá 5. liður.

5. Samfélagssjóður Fljótsdals

a) Skipulagsskrá samfélagssjóðs

Oddviti kynnti drög að skipulagsskrá Samfélagssjóðs Fljótsdals. Á fundi sveitarstjórnar 12.12.2019 var samþykkt að stofna sjóð samkvæmt lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn hefur fengið heitið Samfélagssjóður Fljótsdals. Á sama fundi var samþykkt að sveitarfélagið leggi sjóðnum til stofnfé að fjárhæð kr. 70.000.000 sjötíumilljónir. Skipulagsskrá eins og hún liggur fyrir samþykkt af sveitarstjórn.

Oddvita er falið að undirrita skipulagsskrána fyrir hönd Fljótsdalshrepps, greiða stofnfé til sjóðsins og undirrita tilkynningar um skráningu sjóðsins hjá embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

b) Tilnefningar í stjórn sjóðsins.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa í fyrstu stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals þá einstaklinga sem nú skipa Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps og eru þeir eftirtaldir:

Arna Björg Bjarnadóttir
Jóhann F. Þórhallsson
Lárus Heiðarsson
Signý Ormarsdóttir
Þórhallur Jóhannsson

Til vara í fyrstu stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals samþykkir sveitarstjórn að skipa þá einstaklinga sem nú eru varamenn í Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps og eru þeir eftirtaldir:

Anna Jóna Árnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Gunnþórunn Ingólfisdóttir
Jóna Árný Þórðardóttir
Steingrímur Karlsson

c) Drög að úthlutunarreglum til kynningar

Drög að úthlutunarreglum sem Samfélagsnefnd hefur unnið að. Kynnt.

6. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Mál 29/2020

Efni frumvarpsins er tvískipt. Annars vegar þau ákvæði sem hafa þann tilgang að mæla fyrir um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga, aðlögun að slíku ákvæði og hvernig málsmeðferð skuli háttað þegar ráðherra hefur frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga. Hins vegar önnur ákvæði frumvarpsins sem tengjast sameiningum sveitarfélaga, svo sem ákvæði sem skýrir heimildir sveitarfélaga til að nýta fjarfundarbúnað á fundum sínum.

Sveitarstjórn hefur fengið frest til að skila inn athugasemdum til 5.3.2020.

Tillaga er um að umsögn verði veitt og verði eftirfarandi:

Samkvæmt tillögunni sem ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmálefna hefur lagt fram og er dags. 12. febrúar 2020 og er til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda, verður ekkert sveitarfélag minna en 250 íbúar árið 2022 og ekkert sveitarfélag minna en 1000 íbúar árið

2026 . Gert ráð fyrir lögþvinguðum sameiningum, þ.e. að íbúar eigi þess ekki kost að kjósa um sameiningu við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mótmælir öllum hugmyndum um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi eins og þær birtast í frumvarpi að lögum um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi að virða lýðræðislegan sjálfsákvörðunarrétt íbúa í eigin málefnum. Sjálfsákvörðunarrétturinn er varinn í stjórnarskrá, sveitarfélagalögum og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga. Sveitarstjórn telur líka að þetta sé mjög stuttur fyrirvari á þvingaðri sameiningu.

Sveitarstjórn leggur til breytingar á 2. gr. frumvarpsins og hún verði svohljóðandi :

2.grein.

Í stað 3. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á sveitarstjórnarfundum og öðrum fundum nefnda sveitarfélagsins, ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður og sveitarstjórnarmaður er staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands. (...) Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Þegar fjarfundarbúnaður er notaður skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundi og atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra sem viðstaddir eru fund til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna.“

Greinargerð:

Sveitarstjórn telur mikilvægt að fulltrúar í sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins sé kleift að starfa og taka þátt í fundum þó svo að viðkomandi sé tímabundið staðsettur fjarri heimahögum svo lengi sem viðkomandi er enn með lögheimili í sveitarfélaginu. Þetta á ekki síst við á landsbyggðinni enda ekki óalgengt að fólk þurfi að sækja vinnu í nærliggjandi sveitarfélög daglega, einnig gætu sveitarstjórnarmenn þurft að sækja vinnu tímabundið enn fjarri heimahögum eða hugsanlega sækja sér menntunar í menntastofnanir sem ekki eru staðsettar innan sveitarfélagsins, svo sem framhaldsnám eða háskólanám. Til að tryggja fjölbreytni í sveitarstjórnnum er mikilvægt að íbúar sveitarfélags geti tekið þátt í sveitarstjórn óháð því hvernig atvinnu þess eða námi er háttað svo lengi sem kjörinn fulltrúi er með lögheimili í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps tekur undir umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um mörg önnur atriði í frumvarpinu, sem að mati sveitarstjórnar ganga engan veginn upp í þessari umræðu allri. Þó verður að setja fram það álit sveitarstjórnar að okkar tilfinning er að ekki er öll sagan sögð í þessum gjörningi ráðherra og raunveruleg ástæða fyrir þessu frumvarpi er aldrei sett fram.

Einnig var rætt um samstarf minni sveitarfélaga varðandi það að mótmæla lögþvingun sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórn er sammála um að taka þátt í samstarfinu.

7. Skemmunefnd frestað mál 04.02 2020

a) Fundargerð Skemmunefndar 31.01.2020, ásamt mf. gögnum. Kynnt

Í fundargerð skemmunefndar er eftirfarandi tillaga:

Skemmunefnd leggur til að Fljótsdalshreppur byggji vsk-skylt mannvirki og nýti í því skyni Laugargarð ehf, félag sem er í fullu í eigu sveitarfélagsins. Breyta þyrfti tilgangi félagsins, þar sem hann er í dag tilgreindur sem rekstur gistiheimila, veitingaþjónusta og önnur tengd starfsemi. Eftir breytingu væri tilgangur félagsins bygging og rekstur atvinnuhúsnæðis. Ef miðað er við að byggja vsk mannvirki er heimilt að innskatta aðföng og vinnu við bygginguna, 20 ára vsk kvöð leggst á bygginguna.

Anna Jóna lætur bóka eftirfarandi sem nefndarmaður í skemmunefnd:

Ég get ekki samþykkt tillöguna sem lögð var fram á fundinum. Ýmislegt í greinargerðinni sem við vorum ekki beðin um að gera og ég tel að ekki hafi verið heimild frá sveitarstjórn fyrir þessari vinnu né kostnaði.

Lárus leggur fram eftirfarandi tillögu um afgreiðslu:

Sveitarstjórn samþykkir að hafna tillögu skemmunefndar, sem lögð var fram á 36. fundi sveitarstjórnar 4.2.2020.

Sveitarstjórn óski eftir fundi með stjórn Búnaðarfélags Fljótsdalshrepps til að ræða skemmubyggingu, fundurinn verði haldinn fyrir 10. mars næstkomandi.

Anna Jóna, Eiríkur og Jóhann lýsa yfir stuðningi við tillögu Lárusar. Tillagan samþykkt.

b) Tillaga til sveitarstjórnar frá íbúafundi 26.02.2020

Oddviti boðaði til íbúafundar 26.02.2020 þar sem voru til kynningar áform um skemmubyggingu/iðnaðarhúsnæði. Þrjár tillögur voru felldar en eftirfarandi tillaga var samþykkt með meirihluta atkvæða:

Íbúafundur haldinn 26.02.2020, í Végarði felur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps að ganga til viðræðna við Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps og aðra áhugasama aðila um byggingu iðnaðarhúsnæðis í Fljótsdal. Niðurstaðan verði lögð fyrir íbúa á fundi eigi síðar en 01.05.2020.

Kynnt.

Jóhann leggur til að vísað sé til bókunar í a lið og styðja Anna Jóna, Eiríkur, Jóhann og Lárus þá tillögu. Sjónarmið Gunnþórunnar er að rétt sé að sveitarstjórn líti til framkominnar tillögu af íbúafundi 26.2.2020 og vinni samkvæmt henni.

Jóhann vék af fundi klukkan 20:15 eftir þungar umræður um skemmubyggingu.

Anna Jóna bar fram vantrausttillögu á oddvita sem var samþykkt. Gengið var til kosninga og niðurstaðan var eftirfarandi:

Jóhann F. Þórhallsson fékk 3 atkvæði og Eiríkur J. Kjerúlf 1 atkvæði.

Varaoddviti tók við fundarstjórn.

Samþykkt að slíta fundi og boða til aukafundar föstudaginn 6. mars klukkan 13:30 þar sem meðal annars verður lokið við afgreiðslu þeirra mála sem ekki náðist að klára á þessum fundi.

Fundi slitið klukkan 20:45

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson

Anna Jóna Árnarsdóttir

Eiríkur J. Kjerúlf

Jóhann F. Þórhallsson